

28. nóvember 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um bensín gjald og olúgjald

Með bréfi dags. 10. nóvember 2005 óskaði efnahags- og viðskipta- nefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um bensín gjald og olúgjald, 30. mál á 132. löggjafarþingi.

Í frumvarpinu er lagt til að vörugjald af bensíni og olúgjald af dísilolíu í almennri sölu verði lækkað um 4 kr. á lítra frá byrjun nóvember til loka mars. Lækkun útsöluverðs og tekjutap ríkissjóðs verða öllu meiri en þessu nemur, því virðisaukaskattur leggst ofan á eldsneytisgjöld og eldsneytisnotendur greiða að meðaltali lægri virðisaukaskatt af því sem þeir kaupa fyrir bensínsparnaðinn.

Frumvarpið kallar á sértæka skattalækkun á þensluskeiði sem færi í bága við viðleitni Seðlabankans til að halda aftur af verðbólgu. Þótt ráðstafanir samkvæmt frumvarpinu myndu lækka verð tímabundið, gengur lækkunin til baka þegar löggin falla úr gildi. Horft til lengri tíma en skattalækkunin varir yki gjaldalækkunin lítillega eftirspurn og e.t.v. verðbólgu. Loks draga ráðstafanir frumvarpsins úr eðlilegum viðbrögðum við hækkandi eldsneytisverði, t.d. með vali á sparneytnari bílum og minni akstri.

Af framangreindum ástæðum leggst Seðlabankinn gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri